

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	17.8.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	GMR Endurvinnslan ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Tangavegi 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5406101930	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Daði Jóhannesson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Örn & Lára	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en unnið er að úrbótum eldri frávika er varða.

- Hreinsun lóðar milli GMR Endurvinnslunnar og Kratus ehf er að mestu lokið af hálfu GMR. Hreinsa þarf þó betur smájárnarúsl af yfirborðinu.
- Ráðstöfun framleiðsluúrgangs í viðurkennda förgunarleið eða til endurvinnslu. Framleiðsluúrganginum er nú fluttur til bráðabirgða í urðun í Sorpu en móttökuaðili síuryks liggur ekki fyrir að svo stöddu.
- Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við malbikun lóðar hefjist æi byrjun október og afgirðing lóðar í kjölfarið.
- Búið er við að reykjöld verði komið í gagnið í fyrstu viku nóvember samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun.

Fjórar athugasemdir voru auk þess gerðar við starfseminna í eftirlitinu og óskaði eftirlitsaðili eftir ítarlegri upplýsingum og gögnum, þ.e:

- Upplýsingar um frá hverju frárennislagnir frá verksmiðjunni koma og staðsetningu mælibrunna.
- Upplýsingar um áætlað fyrirkomulag lóðar.
- Umhverfisstofnun ítrekaði að gera þurfi betur grein fyrir mögulegum áhrifum á bræðslu straumteina með kopar á útblásturinn, þ.e. annað hvort að vísað sé í heimildir um hversu mikið þetta aukna koparmagn komi til með að skila sér út í útblæstri eða að útblástursmæling verði framkvæmd samhliða prófunum á bræðslu straumteinanna sem innihalda kopar.

Þá óskar stofnunin eftir uppfærslu á vöktunarkerfi GMR sbr. athugasemdir Umhverfisstofnunar frá 6.september sl.

### UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi

- Skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi
- Úrbætur vegna útistandandi frávika
  - Staðfæring öryggisblaða
  - Hreinsun lóðar milli Kratusar og GMR og flutningur hráefnis sem ekki hentar til vinnslunnar til viðurkennds móttökuaðila og annars hráefnis inn í hráfnisgeymslu
  - Flutningur framleiðsluúrgangs til urðunar í Sorpu og ráðstöfun síuryks
  - Frágangur lóðar. Malbikun og aðgangsstýring
  - Úrbætur vegna reyks í vinnslusal. Endurbætur á afsogi
- Móttaka hráefna. kvittanir um uppruna og öryggisblöð hráefna.

1. Rekstraraðili hefur bætt skráningar og eftirlit með afsogsbúnaðinum en hann er vikulega tekin út og sinnt því viðhaldi sem þarf að gera. Þess utan er fylgst með virkni hans með mismunaprýstingi og sjónskoðunum. Í júlí var farið í stutt viðhaldsstopp í verksmiðjunni og gert ráð fyrir öðru viðhaldsstoppi í lok október til að setja upp reykjöld og bæta afsog í vinnslusal. Tvær ábendingar bárust umhverfisstofnun í ágústmánuði vegna reyks frá GMR en í báðum tilvikum var verksmiðjan ekki í vinnslu þegar reykurinn á að hafa sést frá verksmiðjunni. Rætt var um skráningar og viðbrögð við kvörtunum. Ólúgildra var síðast þjónustuð 3. mars sl. ásamt sandgildru við kælivatn. Farið var yfir síðustu útblástursmælingar frá mars 2016 en þær sýndu losun innan starfsleyfismarka. Næstu útblástursmælingar eru fyrirhugaðar í viku 43.

- Búið er að staðfæra öryggisblöð og eru þau í rekstrarhandbók
- Búið er að hreinsa lóð milli Kratusar og GMR af úrgangi og hráefni sem ekki hentar til vinnslu og flytja hráefni inn en framleiðsluúrgangur er geymdur að hluta til út fyrir lóð GMR vestan við verksmiðjuna. Það efni sem ekki hentaði til vinnslunnar var flutt til Sorpu.
- Framleiðsluúrgangur er fluttur reglulega til Urðunar í Sorpu. Nokkuð stopult gekk í vor að flytja úrganginn en hefur

gengið hraðar nú í haust (eftir sumarfrí). Sá úrgangur sem bíður flutnings er flokkaður og geymdur í krókheisigámum. Framleiðsluúrgangurinn er þó ekki varinn fyrir regni og því hættu á að mengað frárennsli frá úrganginum berist í nærliggjandi jarðveg. Búið er að flytja tæp 5300 tonn af framleiðsluúrgangi í Sorpu. Rekstraraðili hefur leitað leiða til að flytja síuryk til endurvinnslu erlendis. Þegar eftirlitið fór fram voru þeir í viðræðum við móttökuaðila í Noregi. Áætlað er að um 128 tonn af síuryki sé geymt í sekkjum á lóðinni. Sekkirnir eru varðir fyrir hnjaski í hálgámum.

2.d. Framkvæmdir við frágang lóðar hafa tafist. Búið er að jarðvegsskipta lóðinni og ljúka við frárenslislagnir og gert ráð fyrir að malbikun hefjist í byrjun október og girðing til að afmarka lóðina verði sett upp í kjölfarið. Rekstraraðili var minntur á að skoða vel fyrirkomulag lóðar, þ.e. hvar er fyrirhugað geymslusvæði fyrir framleiðsluúrgang, geymslusvæði fyrir það efni sem er flokkað frá hráefni og hentar ekki til vinnslu ásamt framleiðsluvöru. Huga þarf vel að því að mengað frárennsli frá framleiðsluúrgangi berist ekki óhreinsað í jarðveg.

2.e. Úrbótum vegna ófullnægjandi afsogs frá vinnslusal er ekki lokið. Afhending reykjalda sem fyrirhuguð var í júlí sl. stóðst ekki og þurfti rekstraraðili að leita til nýrra aðila til að framleiða reykjöldin. Gert er ráð fyrir að samkvæmt þessari áætlun muni reykjöldin vera komin upp í fyrstu viku nóvember. Rekstraraðili hefur nú sent Umhverfisstofnun staðfestingu í tölvupósti um að búið sé að panta efnið að utan ásamt uppfærðri verkáætlun.

3. Spurt var út í öryggisblöð með hráefnum en mis vel hefur gengið að fá þau frá birgjum/söluaðilum hráefnisins. Rekstraraðili kaupir nú hráefni fyrst og fremst af álverunum hérlendis og Hringrás og telur með því betri stýringu á flokkun á því efni sem tekið er á móti. Hluti straumteinanna sem tekið er á móti inniheldur koparplötur. Rekstraraðili hyggst bræða teinana með koparum og telja það ekki hafa áhrif að þeir fari yfir losunarmörk kopars í útblæstri. Sú vinnsla er ekki hafinn.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Búið er að hreinsa mikið til umhverfis verksmiðjuna en betur má ef duga skal. Enn er framleiðsluúrgangur (brotin skaut) geymdur út fyrir lóðina vestan við verksmiðjuna. Mikil munur er á ásýnd lóðarinnar og nærliggjandi lóðum en fara þarf betur yfir lóð GMR og lóðirnar í nágrenninu og hreinsa smájárnarúsl á yfirborðinu. Hráefni er komið inn í yfirbyggða geymslu og ekki var sjáanlegt mikið af máluðu brotajárni eða öðru efni sem ekki hentar til vinnslunnar.

## ATHUGASEMDIR

Í eftirlitinu voru gerðar fjórar athugasemdir

1. Úrgangsolútankur utan við planið þar sem að frárennsli er leitt í olíuskilju
2. Gámur með flokkuðu efni var ranglega merktur en samkvæmt upplýsingum rekstraraðila frá 25.sept hefur hann verið tæmdur.
3. Bæta þarf skráningar á kvörtunum í rekstrarhandbók. Í eftirlitinu var t.a.m. rætt um kvartanir sem berast símleiðis en eru ekki skráðar.
4. Verja þarf framleiðsluúrgang fyrir regni til að hindra að mengunarefni berist í jarðveg og fráveituvatn.

## ANNAÐ

Uppfæra þarf vöktunarkerfi (innri mælingar) en í núverandi skjali sem sent var Umhverfisstofnun 6.september sl. var tekið fram að útblástursmælingar verði gerðar 2x á ári út árið 2016 en svo 1x á ári eftir það. Umhverfisstofnun gerir kröfu um að tíðni útblástursmælinga verði haldið áfram 2x á ári.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.10.2016

  
Halla Einarsdóttir